


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	ÞÝS 303 Kennsluáætlun vor 2015	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Anke-María Steinke ams@vma.is	Sk.st.	AMS
----------------	-------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Framhald í þýsku. Í þessum áfanga verður byggt á undirstöðuþekkingu sem nemendur hafa öðlast í undanföllum. Lestextar og æfingar snúast í auknu mæli um flóknari viðfangsefni og við það eykst grunnorðaforðinn. Áhersla verður lögð á að tengja áfangana saman, svo að nemendur liti á námið sem heildarnám. “Óvirk” þekking úr undanfara þarf að verða “virk” í eftirfara. Lögð verður áhersla á að gefa nemendum innsýn í daglegt líf þjóðverja og sögu Þýskalands eftir 1945. Sjálfstæð vinnubrögð eru æfð m.a. með notkun orðabóka og nets. Með aukinni málfræðikunnáttu verða verkefni lengri og yfirgrípsmeiri.

Markmið:

Nemendur eiga að vera færir að skilja einfalda skáldsögu með orðabókanotkun auk greinatexta án orðabókar, að skrifa stíla sem taka á neðangreindum atriðum og tjá sig munnlega/skriflega á sjálfstæðan máta um sitt umhverfi og sína hagi. Þeir eiga líka að geta kynnt borgir fyrir þekkingu, á þýsku, og notast þar bara við stikkorð.

Í málfræðinni eiga nemendur að hafa náð tökum á

- helstu forsetningum og fallstjórn þeirra
- að geta lesið úr kennimyndum sagna og myndað tíðir
- notkun núþálegra sagna
- lýsingarorðum í nefnifalli og þolfalli
- afturbeygðum sögnum
- aðal- og aukatengingum
- fornafnaatviksorðum
- eignarfalli
- orðmyndun nafnorða með -ung, -heit, -keit

auk atriða úr undanföllum áföngum.

Námsgögn:

Lesbók/verkefnabók: Þýska fyrir þig 1 (kaf. 15+16) Mál og menning 2001 eða nýrra

Ítarefni 1 ÞÝS 303, verkefnahefti fæst á skrifstofu VMA, V2015


Ítarefni 2 ÞÝS 303 “Im Irrenhaus” fæst á skrifstofu VMA

Orðabók

Málfræði: Þýska fyrir þig Mál og menning 2001 eða nýrra

Sjónvarpsþættir, stílar og önnur ljósrit

ATH.: Nauðsynlegt er að nemandi haldi vel utan um slík ljósrit í sérstakri möppu!

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ÞÝS 303	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun vor 2015	

Áætluð yfirferð:

tími	námsefni	próf og verkefni
Lota 1 6. 1. - 6.2.	Upprifjun: nlt, efn, pfn, kaflar 15 og 16	Was hast du in den Weihnachtsferien gemacht? (munnlegt próf)
Lota 2 9. - 26.2.	Kommissar Rex, ítarefni, aukasetningar, tíðir sagna, eignarfall	miðannarpróf
Lota 3 2. - 20.3.	Berlín, borgarkynning lo.	borgarkynning (glærusýning nemenda)
Lota 4 23.3. - 30.4. p	“Im Irrenhaus” aukasetn., fnao, orðmyndun. Ítarefni.	próf úr “Im Irrenhaus” munnlegt próf

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
skriflegt	Lokapróf	50%
munnlegt	Was hast du in den Weihnachtsferien gemacht?	5%
glærusýning	Borgarkynning (paraverkefni)	8%
skriflegt	Miðannarpróf	20%
skriflegt	Próf úr “Im Irrenhaus”	8%
frammistaða á önn	Ýmis verkefni/próf unnin heima og/eða í tímum	4%
munnlegt	Tala um sína hagi og um Ísland	5%

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils